



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

# FLÓRGOÐINN

## Meðal efnis í Flórgoðanum:

- Stóra upplestrarkeppnin
- Skólamyndir
- Sameiginleg morgunstund
- Skipulag fyrir næsta skólaár
- X og Z eru hjón
- Menningardagar
- Menningardagar — atriði á sviði

## SKÖPUN OG GLEÐI

Kæru nemendur / forráðamenn

Í vikunni blásum við til menningardaga í þriðja skipti hér í Áslandsskóla. Sýningar á sviði verða báða dagana ásamt því sem stofur verða opnar og verk nemenda þar til sýnis. Þá eru gangar skólans vel skreyttir. Verið er að vinna veggmynd með merki skólans sem sett verður upp í aðalanddyri.

Þá verður Café Ásland auðvitað opið en undanfarin ár hefur þar allt selst upp og aðsókn verið framar vonum.

Samskipti skólans við aðra í skólasamfélaginu í Áslandi eru nær alltaf til fyrirmyndar.

Forráðamenn þurfa að leita til skólans með ýmiss mál og setja mál sín yfirleitt fram með kurteisum og ábyrgum hætti.

Þó eru sumir mættu setja sig betur í spor annarra áður en þeir ausa úr reiðiskálum.

Þá er einnig mikilvægt að forráðamenn reyni af fremsta megni að fylgjast vel með lykildagsetningum eins og varðandi skráningu í hádegisverð.

Að loknum menningardögum tekur við páskaleyfi. **Starfsfólk mætir aftur til starfa þriðjudaginn 29. mars en þá er skipulagsdagur. Nemendur mæta aftur til starfa miðvikudaginn 30. mars skv. stundaskrá.**


Þegar nemendur snúa aftur til starfa er ekki langur tími til vors og því mikilvægt að allir mæti með rétt hugarfar, vilja og metnað til árangurs.

Starfsfólk Áslandsskóla vill senda öllum í skólasamfélaginu sínar bestu óskir um ánægjulegt páskaleyfi og vonum að nemendur komi endurnærðir til starfa að leyfi loknu.

Eitt týpískt páskæggiþakmæli fylgir með í lokin: **Sittu ekki á árangri þínum, hann verður svo krumpaður.**

*Hugsa um það helst og fremst,  
sem heiðurinn má næra;  
aldrei sá til æru kemst.  
sem ekkert gott vill læra.*

Gleðilega páska  
Leifur S. Garðarsson  
Skólastjóri



[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)

# MENNINGARDAGAR 2005

Menningardagar eru í Áslandsskóla á miðvikudag og fimmtudag.

Nemendur og starfsfólk hafa unnið hörðum höndum við undirbúning allt frá í janúar og lagt lokahönd á verk sín og atriði á mánudegi og þriðjudegi í þessari viku.

**Skólinn verður opinn fyrir öllum milli kl. 14.00 og 16:00 á miðvikudag og fimmtudag.**

Verk nemenda í stofum eru til sýnis auk þess sem atriði verða á sal skólans, eins og sjá má hér við hliðina.

Forráðamenn og allir þeir sem vettlingi geta valdið eru hvattir til að líta við í Áslandsskóla, ganga um skólann og kíkja á sýningar á sal.

## Enn af skólafatnaði

Skólastjóri var í Melaskóla á dögunum þar sem hann hélt tölu um skólafatnað og reynslu Áslandsskóla af slíkri notkun. Mikill áhugi er í vesturbæ Reykjavíkur, þ.e. í grunnskólunum þar á að taka upp skólafatnað.

Nú fyrir stuttu fundaði skólastjóri með fulltrúum foreldrafélags skólans um framtíðina hjá okkur. Staðan hjá okkur er sú að notkun er æði misjöfn í árgöngum. Þannig eru stakir bekkir og árgangar þar sem notkun er mjög mikil en ansi lítil í öðrum. Ákveðið hefur verið að blása til fundar í apríl um framtíð skólafatnaðar í Áslandsskóla.

Það hefur ekki farið leynt að skólastjóri er fylgjandi skólafatnaði en samstaða forráðamanna er algert lykilatriði um framhaldið. Því það eru forráðamenn en ekki nemendur sem taka ákvörðun í málinu. Nemendur læra það sem fyrir þeim er haft. Nánari upplýsingar um fyrirhugaðan fund koma eftir páskaleyfi.

# Atriði á sviði á menningardögum

## Miðvikudagur 16. mars 2005

Kl. 14:00 **Setning** - Leifur S. Garðarsson, skólastjóri

Kl. 14:15 **Nemendur í unglingadeild - söngleikjaval**

Kl. 14:30 **Nemendur úr Skýjaheimum, Ljósheimum, Tunglheimum, Fjallheimum, Jarðheimum og Jöklaheimum**  
**3. og 4. bekkur**

Kynning á vinnu nemenda

Kl. 15:00 **Nemendur í Ásheimum**  
**7. bekkur**

Hljómsveitin Gos með frumsamið lag

Kl. 15:15 **Nemendur í unglingadeild - söngleikjaval**

## Fimmtudagur 17. mars 2005

Kl. 14:10 **Baldursheimar, Óðinsheimar, Þórsheimar og Ægisheimar**

**1. bekkur**

Söngatriði - Ég er furðuverk

Kl. 14:15 **Nemendur í unglingadeild - söngleikjaval**

Kl. 14:30 **Nemendur úr Álfaheimum og Hulduheimum**

**2. bekkur**

Syngja Baa baa black sheep á ensku

Kl. 14:35 **Nemendur úr Tindaheimum**  
**5. bekkur**

Ljóðaupplestur og tónlistaratriði

Kl. 14:40 **Nemendur úr Dulheimum og Undraheimum**

**6. bekkur**

Fruitsamið lag og texti

Power point sýning

Kaffibrúsakarlarnir

Leikrit um hafís og ísbjörn

## Stóra upplestrarkeppnin úrslitakeppni

Mánudaginn 14. mars kepptu 10 nemendur í Ásheimum til úrslita innan skólans í Stóru upplestrarkeppninni. Sigurvegararnir unnu sér rétt til að lesa til úrslita í Hafnarborg í apríl en þar keppa fulltrúar allra grunnskólanna í Hafnarfirði auk Álftanesskóla.

**Þau sem lásu til úrslita þetta árið voru:**

Ástríður Rán Erlendsdóttir  
Elín Rut Harðardóttir  
Guðmundur Atli Arnarsson  
Kristján Stefánsson  
Margrét Mjöll Sverrisdóttir  
Óðinn Birgir Árnason  
Sigurður Stefán Ásmundsson  
Sunna Dögg Stephensen  
Thelma Rún Heimisdóttir  
Vignir Daniel Lúðvíksson

Nemendur lásu brot úr skáldsögunni Hjalti kemur heim eftir Hafnfirðinginn Stefán Jónsson og ljóð eftir Þuríði Guðmundsdóttur. Auk þess lásu þau ljóð að eigin vali.

Keppnin var jöfn og spennandi og keppendur stóðu sig einstaklega vel enda hafa strangar æfingar staðið yfir undanfarna daga.

Reyndar eiga allir nemendur í Ásheimum hrós skilið því þau lásu öll í undanfara þessarar keppni í fyrirlestrasal skólans á dögnum.

Dómarar voru Unnur Elfa Guðmundsdóttir aðstoðarskólastjóri, Dóra Pétursdóttir kennari úr Öldutúnsskóla og Ingibjörg Einarsdóttir skrifstofustjóri Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar.

Sigurvegarar og fulltrúar Áslandsskóla í Hafnarborg í apríl verða **Ástríður Rán Erlendsdóttir** og **Sigurður Stefán Ásmundsson**.

### **X og Z eru hjón** **Úr vinnubók Guðlaugs Hlífars** **í Hulduheimum / 2.- KB**

*X og Z eru hjón.  
Óttalega mikil flón.  
Z segir eins og S.  
Alla kveður hún með bless.  
Hún er kát við karlinn sinn.  
Kyssir hann á nefbroddinn.  
Karlinn X er hýr og hress.  
Hermir eftir G og S.  
Þau eru fín og segja satt.  
Með silkihúfu og pípuhatt.*

### **Ljóð eftir Önnu Írisi nemanda í** **Tindaheimum / 5. - ÁSS**

*Börnin öll í Indlandshafi,  
vildu heppni mína.  
Þau sem lifðu misstu allt,  
og byggja hjálp þína.*



## SAMEIGINLEG MORGUNSTUND

Sameiginleg morgunstund allra nemenda Áslandsskóla var árla morguns miðvikudaginn 23. febrúar sl.

Þar komu nemendur úr öllum deildum fram, sigurvegarar í ratleik voru klappaðir upp ásamt því sem frábær atriði voru á sviði.

Það er skemmst frá því að segja að morgunstundin tókst með eindæmum vel og framkoma og flutningur nemenda sannarlega til eftirbreytni.

Á næsta skólaári verða slíkar morgunstundir með reglubundnari hætti en verið hefur.



### Skólaárið 2005-2006

Stjórnendur grunnskólanna í Hafnarfirði hafa þegar hafið undirbúning skólaársins 2005-2006. Að ýmsu er að hyggja t.d. vetrarfríi, skipulagsdögum, foreldraviðtölum, undirbúningsdögum og frágangi, próftímabilum svo eitthvað sé til tekið.

Vert er að geta þess, þar sem forráðamenn eru eflaust einhverjir að lesa "sólarbæklingana" upp til agna þessa dagana, að líklegast er að skólasetning í Áslandsskóla verði *mánudaginn 22. ágúst 2005*.

### Myndataka tókst vel

Bjarni Jónsson, ljósmyndari hjá Mynd, hefur nú lokið við að mynda nemendur í 1., 4., 7. og 10. bekk. Þá var einnig tekinn hópmynd af starfsfólki skólans.

Upplýsingar munu berast heimilum þegar myndirnar koma í hús.

Það var afar ánægjulegt að í 1. bekk komu **allir nemendur utan eins í skólafatnaði í myndatökuna.**

**Frábært 1. bekkur !!**



Kríuási 1  
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600  
Bréfsími: 585 4610  
www.aslandsskoli.is  
Aslandsskoli@aslandsskoli.is

**[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)**

**FLÓRGÖÐINN**

**Fréttablað  
Áslandsskóla**

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

**Leifur S. Garðarsson**

Skólastjóri

leifur@aslandsskoli.is